

Stjórn Foreldrafélags Naustaskóla 4. mars 2013

Mættir: Vaka, Sigga, Höskuldur, Viðar(fyrir hönd Sólveigar) Margrét Auður, Begga og Ása.

Undirbúningur fyrir árshátíð 2013. Ákveðið að láta annan hvern bekk koma með ósætt og hinn helminginn með sætt. Ágætt að miða við eitt kökufat hvort sem fólk er að koma með sætt eða ósætt.

Kaffið á að vera á svæði 2-3.bekkjara og að einhverju leyti frammi. Það eru þrjár sýningar klukkan 3,5 og 7, hver sýning er um klukkustund að lengd, því ætti hver hópur að vera búinn í kaffi þegar næsta sýning byrjar.

Árshátíð 2013 Bakstur

1. bekkur Sætt
2. bekkur Ósætt
3. bekkur Sætt
4. bekkur Ósætt
5. bekkur Sætt
6. bekkur Ósætt
7. bekkur Sætt
8. bekkur Ósætt
9. bekkur Sætt
10. bekkur Ósætt

Þeir sem eiga óþolsbörn eru beðnir að koma með eitthvað sem þeirra börn mega borða vel merkt. Ætlunin er að vera með sér borð með veitingum fyrir börn með ofnæmi eða óþol.

Tillaga að uppsetningu:

- Höfum tvö borð þar sem tekið er við greiðslu, á hvoru borði er skiptimynt, reiknivélar og diskar. Borgar og fær disk og ferð inn. Sleppum þá við að búa til miða.
- Hafa tvö hlaðborð og tvö hjólaborð með drykkjum sitt hvoru megin. Óþolsborðið verður í miðjunni.
- Höskuldur kemur klukkan þrjú og setur upp og kveikir á ofnunum
- Vaka sendir út baksturspóst á alla foreldra.
-
-

Spurningar fyrir Gústa:

- Kaupir skólinn deig, sultu og rjóma fyrir vöflur eins og í fyrra?
- Raðar skólinn upp?
- Verða skólaliðar okkur til aðstoðar við kaffiborðið?

- Það þarf að vera tilbúin skiptimynt og talsvert meira af henni en í fyrra því gera má ráð fyrir að það þurfi að gefa mörgum til baka, eruð þið með það klárt?

Önnur mál

- Ákveðið að búa ekki til facebook grúppu fyrir stjórnina að sinni. Fundarmenn voru sáttir við að nota tölvupóstinn sinn.
- Ákveðið að óska eftir því að skólinn fari að setja inn fleiri myndir á heimasíðuna, mjög lítið komið inn í ár.